



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Fundargerð.

346. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 7. maí 2014 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Björn Kristinn Pálmarsson í fjarveru Gunnars Þorgeirssonar

Ingvar Grétar Ingvarsson

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 23. apríl 2014.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 23. apríl 2014 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerð 71. fundar Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, 30. apríl 2014.

Mál nr. 4, 5, 10, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24 og 25 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 71. fundargerð Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, dags. 30. apríl 2014. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 4: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 27. mars til 29. apríl 2014.

Mál nr. 5: LB_Hæðarendi lnr. 168825 - lóð undir spennistöð

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir stofnun lóðarinnar með vísun í 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Einnig er ekki gerð athugasemd við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir spennistöð með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga.

Mál nr. 10: Ljósafosslaug

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að breyta aðalskipulagi svæðisins þannig að heimilt verði að breyta húsinu í íbúðarhús. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að ræða.

Mál nr. 14: Askbr. Grímsnes-og Grafn. Seyðishólar - Kerbyggð

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi svæðisins skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Mál nr. 15: Dsk Miðengi - Álfabyggð

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að leita umsagna Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands og Heilbrigðiseftirlits Suðurland og frestar afgreiðslu þar til þær liggja fyrir.

Mál nr. 16: Dsk Öndverðarnes 2 lóð lnr. 170114

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og hafnar skiptingu lóðarinnar í tvær minni lóðir. Að mati sveitarstjórnar væri hægt að sækja um byggingarleyfi fyrir frístundahúsi á svæði þar sem a.m.k. 100 m eru frá miðlínu þjóðveggar á grundvelli málsmeðferðar skv. 44. gr. skipulagslaga, þ.e. grenndarkynningu.

Mál nr. 17: Dskbr. Miðengi - Bústjórabyggð

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með fyrirvara um að númerum lóðanna verði breytt. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu þar sem umsækjendur um breytingu á deiliskipulagi eru einnig eigendur að aðliggjandi lóðum.

Mál nr. 18: Dskbr. Miðengi - Bæjartorfan

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem umsækjendur deiliskipulags eru einu hagsmunaaðilarnir er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 19: Dskbr. Miðengi - íbúðabyggð

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að auglýsa breytingu á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leita þarf umsagnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Minjastofnunar Íslands.

Mál nr. 20: Dskbr. Seyðishólar - Kerbyggð

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi svæðisins skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða breytingu á aðalskipulagi svæðisins. Í deiliskipulaginu þarf að gera ráð fyrir annarri rýmingarleið vegna hættu af völdum gróðurelda.

Mál nr. 21: Heiðarrimi 16 og 18 - sameining lóða

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og hafnar því að lóðirnar verði sameinaðar til samræmis við fyrri afgreiðslur sambærilegra mála.

Mál nr. 22: Hlauphólar - deiliskipulag frístundabyggðar úr landi Stóru-Borgar

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir deiliskipulagið að nýju með þeirri breytingu að fram komi að gert sé ráð fyrir akfærum stígum við enda hverrar götu. Ekki er talin þörf á sérstöku útivistarsvæði vegna nálægðar við Borgarsvæðið.

Mál nr. 23: Kiðjaberg - endursk. deiliskipulag

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að koma á fundi með forsvarsmönnum umsækjenda og sveitarfélagsins til að fara yfir framhald málsins.

Mál nr. 24: Klausturhólar, Rimar - DSK, nýtt og gamalt

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að funda með Heilbrigðiseftirliti Suðurlands varðandi áframhald málsins.



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Mál nr. 25: Villingavatn - Sandur, fjórar nýjar lóðir

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir deiliskipulagið með þeim breytingum sem fram komu á fundinum til að koma til móts við innkomnar athugasemdir og felur skipulagsfulltrúa að svara innkomnum athugasemdum.

3. Ársreikningur Grímsnes- og Grafningshrepps 2013.

Ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2013 lagður fram til seinni umræðu. Helstu niðurstöður samantektar A og B hluta eru eftirfarandi:

Rekstrarniðurstaða A hluta	kr.	71.408.872
Rekstrarniðurstaða A og B hluta saman	kr.	23.694.991
Eigið fé	kr.	560.860.323
Skuldir	kr.	1.022.610.674
Eignir	kr.	1.583.470.996
Veltufé frá rekstri	kr.	108.267.319

Ársreikningur samþykktur samhljóða og áritaður af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn samþykkir að halda íbúafund um ársreikning sveitarfélagsins í Félagsheimilinu Borg í kvöld, miðvikudaginn 7. maí kl. 20:00.

4. Minnisblað frá sveitarstjóra Bláskógabyggðar um umferðartakmarkanir innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Sveitarstjórnir Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps skora á Þingvallanefnd og Vegagerðina að falla frá mun strangari hömlum á umferð um þjóðgarðinn en eru í gildandi aðalskipulagi Þingvallasveitar enda eru þær mjög íþyngjandi fyrir bændur og atvinnurekendur á svæðinu.

5. Bréf frá orlofsnefnd húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu ásamt skýrslu um starfsemi þess og ársreikningi fyrir árið 2013.

Fyrir liggur bréf frá orlofsnefnd húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu, dagsett 22. apríl 2014 ásamt skýrslu um starfsemi þess og reikningi fyrir árið 2013. Lagt fram til kynningar.

6. Beiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki I á Þóroddsstöðum, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur beiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki I á Þóroddsstöðum, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

7. Erindi frá Reyni Bergsveinssyni.

Fyrir liggur bréf frá Reyni Bergsveinssyni, dagsett 16. apríl 2014 þar sem óskað er eftir samningi við sveitarfélagið um minkaveiðar. Oddvita falið að vinna að málinu.



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

8. Bréf frá Skipulagsstofnun vegna skráningar á skipulagsfulltrúum 2014.

Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 14. apríl 2014 ásamt yfirliti um skráða skipulagsfulltrúa sveitarfélaga. Bréfið lagt fram.

Til kynningar

- ✓ Fræðslunet Suðurlands, ársskýrsla 2013.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Fræðslunet Suðurlands, ársreikningur 2013.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:20